


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Trésmíði 1 TRÉS1SL06 Námsáætlun haustönn 2019	

Kennari	Bragi S. Óskarsson, Helgi Valur Harðarson og Jóhann Þorsteinsson	Sk.st.	BSÓ, HVH, JHP
----------------	--	---------------	---------------

Lýsing

Í áfanganum eru kennd grunnatriði trésmíða með áherslu á þekkingu og færni í notkun handverkfæra og trésmíðavéla. Nemandinn kynnist ýmsum trésamsetningum, aðferðum við límingar, pússningu og meðferð yfirborðsefna. Nemandinn lærir að nota hefilbekki og stilla þá m.t.t. vinnustellinga og mismunandi verka og fær þjálfun í að nota áhöld til mælinga og uppmerkinga. Nemandinn fær fræðslu um öryggismál á trésmíðaverkstæðum og hættur sem leynast á vinnusvæðinu. Áhersla er lögð á að nemandinn læri hvernig ganga skuli um tæki og vélar og að nota nauðsynlegar persónu- og öryggishlífar.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- vinnuumhverfi trésmíða
- öryggismálum á trésmíðaverkstæðum
- algengum tegundum smíðaviðar
- algengustu trésmíðavélum
- algengustu hand- og rafmagnshandverkfærum
- helstu trésamsetningum
- grunnatriðum yfirborðsmeðferðar á smíðaviði

Leikniviðmið:


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna með mismunandi smíðavið og efni
- nota algeng handverkfæri og trésmíðavélar
- nota áhöld til mælinga og uppmerkinga
- bera yfirborðsefni á tré með mismunandi hætti
- nota persónuhlífar og öryggishlífar á trésmíðavélum

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- smíða einfalda hluti eftir teikningum og verklýsingum
- leysa af hendi fjölbreytt verkefni
- vinna með helstu tæki og vélar sem notuð eru við störf á trésmíðaverkstæði
- meta hættur sem leynast á trésmíðaverkstæði
- velja hlífðarbúnað og hlífar í samræmi við aðstæður

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	Trésmíði 1 TRÉS1SL06 Námsáætlun haustönn 2019	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

Námsgögn:

Efni frá kennara.

Verkefni:

Ýmiskonar samsetningar á tré og önnur verkefni sem hæfa markmiðum áfangans.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Efni
34-35	Kynning, öryggismál,
35-36	Heflun og sögun
36-40	Nokkrar gerðir hornasamsetninga (geirnegling, gluggahorn ofl.)
41-45	Stólkollur (miðannarmat í viku 43)
46-49	Vinnutrappa (ef tími gefst til)

Námsmat og vægi námsþátta:

Áfanginn er símatsáfangi. Einkunnir verða byggðar á vinnu nemandans, ástundun í áfanganum og skriflegum verkefnum sem lögð eru fyrir á Classroom.


Námsmat og vægi námsþátta:


Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Verklegt	Þjálfun í notkun handverkfæra (sögun og heflun)	15%	
Verklegt	Hornasamsetningar (geirnegling, gluggahorn)	20%	
Verklegt	Stólkollur, vinna með gegnheilt efni, bæsir og lökk	25%	
Verklegt	Vinnutrappa, vinna með gegnheilt efni	20 %	
Skriflegur þáttur	Verkefni unnin í Google classroom	20%	
		Samtals:	100%

Dagsetning:


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagsstj eða staðgengils


Undirritun kennara


Undirritun kennara